



Bókun sveitarstjórnar vegna atvinnustefnu

8. Atvinnustefna Langanesbyggðar 2025-2030 ásamt aðgerðaráætlun 2025-2028.

06.1 Atvinnustefna Langanesbyggðar – drög að kostnaði.

Atvinnustefnan var send öllum nefndum til umsagnar. Ekki hafa borist umsagnir frá öllum nefndum en þær verða teknar saman í skýrslu sem lögð verður fyrir sveitarstjórn. Lagt fram til upplýsinga.

Til máls tóku: Mirjam Blekkenhorst og Sigríður Friðný Halldórsdóttir.

Mirjam lagði fram eftirfarandi bókun:

Tillögur frá Mirjam Blekkenhorst – Atvinnustefna Langanesbyggðar

Inngangur og rökstuðningur

Atvinnustefna Langanesbyggðar leggur áherslu á að efla fjölbreytta atvinnuuppbyggingu, skapa ný tækifæri fyrir íbúa og nýta staðbundna styrkleika samfélagsins.

Til að byggja upp sjálfbært atvinnulíf þarf sveitarfélagið að vera virkur þátttakandi í að greina tækifæri, hvetja til nýsköpunar og styðja við frumkvöðla og fyrirtæki í upphafi reksturs.

Eftirfarandi tillögur miða að því að efla atvinnulíf, nýta auðlindir svæðisins og auka samfélagslega ábyrgð sveitarfélagsins.

Rannsókn á möguleikum hreingerningafyrirtækis

Lagt er til að sveitarfélagið láti kanna hvort raunhæft sé að stofna hreingerningafyrirtæki í Langanesbyggð sem gæti tekið að sér regluleg þrif fyrir sveitarfélagið, stofnanir og fyrirtæki, sem og boðið upp á þvottþjónustu fyrir ferðamenn.

Gerð verði viðskiptaáætlun sem metur rekstrargrundvöll slíks fyrirtækis með það að markmiði að auðvelda frumkvöðlum að stofna fyrirtæki ef niðurstaðan sýnir að verkefnið sé raunhæft.

Kannað verði regluverk og möguleikar á starfsemi sláturbíls

Lagt er til að sveitarfélagið láti kanna reglur og möguleika á starfsemi svokallaðs „sláturbíls“ á svæðinu, sem gæti þjónað bændum í Langanesbyggð og nágrenni.

Þar sem núverandi regluverk er talið hamlandi væri æskilegt að sveitarfélagið kanni með hvaða hætti hægt væri að þrýsta á einföldun reglna eða undanþágur. Verkefnið gæti tengst frekari matvælavinnslu á staðnum og styrkt atvinnulíf á svæðinu.



Móttaka flóttafólks frá Gaza

Lagt er til að sveitarfélagið skoði hvaða möguleika það hefur til að taka á móti flóttafólki frá Gaza, með það að markmiði að styðja við mannúðaraðgerðir og fjölbreytt samfélag. Metið verði hvaða innviðir sveitarfélagsins — s.s. húsnæði, leik- og grunnskólar, heilbrigðisþjónusta og atvinnumöguleikar — ráða við slíka móttöku og hvernig best sé að undirbúa hana.

Kannað verði skipulag og fjármögnun gönguleiða frá Þórshöfn

Lagt er til að sveitarfélagið fari að skoða skipulag og uppbyggingu gönguleiða út frá Þórshöfn með það að markmiði að efla ferðaþjónustu og aðdráttarafl svæðisins.

Sveitarstjórn er hvött til að samþykkja að framangreind mál verði tekin til frekari skoðunar í samræmi við atvinnustefnu Langanesbyggðar og markmið sveitarfélagsins um sjálfbæra þróun, fjölbreytta atvinnu og samfélagslega ábyrgð.